




Orkuáætlun Horizon 2020

Að sækja um og taka þátt í verkefni

Edda S.P. Aradóttir

Þróunarsviði OR





Reynsla af styrkja-kerfi ESB

Orkuáætlanir FP7 og Horizon 2020:

- 3 umsóknir á árunum 2011-2014
 - 1 umsókn hlaut styrk
 - 1 umsókn en til umsagnar
 - Verkefnið sem hlaut styrk kynnt sem „success story“ á vef Horizon 2020 í september 2014

Marie-Curie netverk (FP7-PEOPLE):

- 3 umsóknir á árunum 2011-2012
 - 2 umsóknir hlutu styrk


Hvers vegna tekur OR þátt í svona verkefnum?

- Hófum samstarf við HÍ, Columbia háskóla og CNRS í Toulouse í CarbFix verkefninu árið 2006
 - Markmið: Kanna fýsileika þess að binda CO₂ frá Hellisheiðarvirkjun í basalt
 - Gashreinsun og –förgun í tilraunaskala, þróun efnavöktunaraðferða
 - Rannsóknir á tilraunastofu og hermireikningar
- Í kjölfar hrunsins var ljóst að leita þyrfti styrkja til að halda verkefninu gangandi
 - Innlendir sjóðir dugðu skammt þar sem mikill kostnaður fylgdi verkefninu
 - Ákveðið að sækja um í orkuáætlun FP7
 - Collaborative project, ENERGY.2011.5.2-1
 - CO₂ capture and storage technologies for zero emission power generation



Photo: J. Alean

Basalt



CO₂ uppleyst í vatni



Photo: H. Sigurdardottir

Karbónöt

Taktík í fyrsta FP7 umsóknarferlinu

- Bættum við tveimur samstarfsaðilum til að hafa fjölbreyttari þátttakendur og meiri landfræðilega dreifingu innan Evrópu
 - Kaupmannahafnarháskóli
 - Ráðgjafafyrirtækið Amphos 21 á Spáni
 - Kostur að hafa tengingu við USA og stór verkefni sem eru/voru í gangi þar
- Sóttum um lága upphæð á evrópskan mælikvarða (um 1,6 milljón evra)
 - Markmiðið var að passa inn á milli stærri og þekktari verkefna
 - Verkefnið fremur óþekkt innan Evrópu á þessum tíma
 - Vorum hrædd við að klíkuskapur myndi draga úr líkum á því að við fengjum styrk ef sótt væri um hærri upphæð



Tveggja þrepa umsóknarferli

Fyrri þrep:

- Stutt (~15 bls.) umsókn sem lýsir:
 - Markmiðum, grófri vinnuáætlun
 - Þátttakendum og getu þeirra til að vinna verkefnið
- Heildarkostnaður verkefnis er festur
- Umsýslueyðublöð (e. administrative forms) fyrir þátttakenda sem sér um verkefnisstjórnun



Tveggja þrepa umsóknarferli

Seinna þrep:

- Löng umsókn (~100 bls.) sem lýsir ítarlega:
 - Markmiðum, verkþáttum og vörðum
 - Skýrslum sem verður skilað
 - Tíma- og kostnaðaráætlun
 - Verkefnisstjórnun og stjórnskipulagi verkefnis
 - Hagnýtingu (e. exploitation) niðurstaðna
 - Fræðslu- og kynningarstörfum
 - Helstu ógnir verkefnis (t.d. í umhverfis- og öryggismálum)
- Heildarkostnaði deilt niður á milli þátttakenda
- Umsýslueyðublöð fyrir alla þátttakendur



Vert að hafa í huga í umsóknarferli

- Huga snemma að því að safna saman þátttakendum
 - Þátttakendalisti þarf ekki að vera endanlegur í fyrra skrefi
 - Þátttakendur þurfa að vera skráðir í miðlægan gagnagrunn ESB og hafa s.k. PIC númer
- Fylgja leiðbeiningum í sniðmáti umsóknar
- Passa að skila öllum upplýsingum sem óskað er eftir
- Gefa sér góðan tíma í að fylla út umsókn og eyðublöð
- Aðeins er hægt að breyta heildarkostnaði í seinna skrefi umsóknar til lækkunar



Utanumhald á ESB styrktu verkefni

- Umtalsverð skrifinnnska fylgir ESB styrktum verkefnum
 - Mest í upphafi, um miðbik og lok verkefnis
 - Eykur kostnað og huga þarf að því í vinnu við kostnaðar- og tímaáætlun
- Utanumhald gagnvart ESB að jafnaði 50% starf skv. okkar reynslu
 - Einkum samskipti við tengiliði, samningagerð, skýrsluskrif, utanumhald fjármála o.fl.



Utanumhald fjármála í ESB styrktu verkefni

- Styrkur greiddur út þrisvar yfir styrktímabil í FP7:
 - 70% fyrirframgreiðsla
 - Greiðsla í framhaldi af miðbiksskýrslu
 - 10% styrkjar haldið eftir; greitt við lok verkefnis ef allt er eðlilegt
- Fjárhagsupplýsingum skilað um miðbik og við lok verkefnis
 - Þurfa vottun endurskoðenda ef styrkuppþæð er hærri en sem nemur 375 þúsund evrum (skv. reglum FP7)
- Mikilvægt að bókhald sé frá upphafi í samræmi við reglur ESB þar sem allir geta lent í úttekt
- Óbeinn kostnaður olli okkur vandræðum í FP7 en búið er að einfalda útreikning óbeins kostnaðar í Horizon 2020



Að tryggja eðlilegan gang verkefna

- Fylgja þarf ítarlegum verkáætlunum úr umsóknakerfi (og þar með úr samningi)
 - Mikilvægt að láta tengilið vita strax ef áætlanir breytast
 - Hafa gott upplýsingaflæði milli vinnupakka í verkefni
 - Reglulegir fundir eru nauðsynlegir (símafundir og hefðbundnir fundir)
- Passa að skýrslum sé skilað á réttum tíma
 - Ábyrgð verkefnisstjóra að skila þeim en vísindamanna að skrifa þær
- Fræðandi, krefjandi og skemmtilegt að taka þátt í þeim verkefnum sem við höfum komið að
 - Þátttakendur hafa ólíka sýn á vandamál og lausnir sem hefur verið okkur mikilvægt



Fræðsla og hagnýting niðurstaðna

- ESB leggur mikið upp úr fræðslu og hagnýtingu niðurstaðna
 - Hvatt til þess að sérstakur vinnupakki sé helgaður vinnu þar af lútandi í Horizon 2020
- Í CarbFix verkefninu höfum við beitt fjölbreyttum aðferðum við fræðslu:
 - Heimasíða með fréttum af verkefninu
 - Greinar í ritrýndum tímaritum og bókaskrif
 - „Gestamóttaka“ á athafnasvæði
 - Kynningar á ráðstefnum, fundum og í fjölmiðlum
 - Tvær ráðstefnur; þ.á.m. ein stór á Íslandi
 - Kennsluefni fyrir 10-12 ára börn útbúið í formi tölvuleiks á netinu
- Markaðsrannsókn og viðskiptaáætlun liggja m.a. til grundvallar hagnýtingaráætlunum





